

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Goðafoss

haldinn í gegnum Teams og í Þingeyjarsveit þann 2. júní 2021, kl. 13:00-14:00.

Fundarmenn:

Arna Hjörleifsdóttir, Umhverfisstofnun
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit
Hávar Sigtryggsson, Hriflu
Kristín Anna Ólafsdóttir, Ljósavatni
Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Markmið fundar

Farið yfir athugasemdir sem samstarfshópur hafði um 2. kafla.

Eftirfarandi atriði voru rædd í kjölfar athugasemda við 2. kafla í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Goðafoss

Vegagerðin og veghelgunarsvæði, umræður voru um það hvernig veghelgunarsvæði snýr að Vegagerðinni ef þetta er innan marka hins friðlýsta svæðis. Bent var á að á svæði eins og þessu ef það er miðað við veglínu þá er þetta yfirleitt ekkert vandamál og ef það eru framkvæmdir þá hefur Vegagerðin sitt veghelgunarsvæði. Eins kemur skýrt fram í skilmálum fyrir Goðafoss að viðhald og þjónusta við vegi á svæðinu er heimil án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins.

Kindur innan hins friðlýsta svæðis, umræður voru um kindur á svæðinu og hvaða stefnu samstarfshópurinn vill taka varðandi beit innan náttúruvættisins. Á hvers ábyrgð er það að girða svæðið af ef það á að vera beit var einnig til umræðu, hvort það sé vilji til að girða. Þá var rætt sú hætta sem getur skapast af lausafé og hvort það þurfi að taka á þessum málum því þarna eru af og til kindur sem landeigendur eiga ekki og eiga í raun ekki að vera þarna. Samstarfshópur sammála um að orða þetta í stjórnunar- og verndaráætlun, að svo stöddu, að það sé „*ekki skipulögð landnotkun*“ og að setja sem aðgerð að skoða þurfi hvað verður gert.

Veiðar á ref og mink, umræður um veiðar á ref þar sem í skilmálum kemur fram í 13. gr. skilmála fyrir Goðafoss að skotveiðar séu bannaðar að undanskildum veiðum á framandi tegundum s.s. mink, þarf að skoða hvort það sé verið að útiloka veiðar á ref.

Ómönnuð loftför, samstarfshópur var sammála um að taka upp umræðuna um ómönnuð loftför og skoða hvort þörf sé á íþyngjandi reglum og hvort það sé vilji til að endurskoða þessi atriði í áætlun í samræmi við nýja evrópska reglugerð sem mun taka gildi á næstu mánuðum varðandi ómönnuð loftför.

Virkjanir, samstarfshópur sammála um að best væri að hafa kafla í áætlun um vatnsrennsli fossins þar sem fjallað verði um fyrirhugaðar virkjanir og þau skilyrði sem felast í því að eitt af markmiðum friðlýsingar er að vernda náttúrulegt vatnrennsli fossins.

Gamla brúin síðan 1930, umræður um það hver ber ábyrgð á henni, að þetta sé merkileg brú og að einhverju leyti menningarminjar. Samstarfshópur sammála um að ein aðgerð í 3. Kafla verði að skilgreina ábyrgðaraðila svo viðhald hennar sé tryggt til framtíðar, út frá öryggi og öðrum atriðum.

Vetrarþjónusta, hvernig viljum við hafa vetrarþjónustu? Í gegnum tíðina hefur sveitarfélagið séð um svæðið, áður en það var friðlýst og þá var ákveðið að moka og sanda austanmegin vegna minna snjóþyngsla. Þau voru með þetta þannig að þau gerðu þetta í samtali við ferðarþjónustuna. Voru að sandbera og moka, varð viðráðanlegra en að hafa allt svæðið opið, lokað að vestan. Samstarfshópur sammála um að setja í 3. Kaflann um stefnu varðandi vetrarþjónustu: „stefnt skal að því að svæðið verði opið á veturna en verður metið í hverju tilviki fyrir sig og eftir fjölda ferðamanna.“ Einnig voru umræður um að ef til vill ætti ferðarþjónustan að taka þátt í kostnaði við að halda svæðinu opnu yfir vetrartímenn. Samstarfshópur sammála um mikilvægi þess að eiga samtal við ferðarþjónustuna svo vetrarþjónustan nýtist sem best.

Reiðleiðir, umræður um hvernig gamla þjóðleiðin, reiðleiðin verður útfærð, verið er að endurskipuleggja aðalskipulagið og þar verða reiðleiðir einnig í endurskoðun. Bent var á að það er mikilvægt að útfæra þessa reiðleið, einn punktur í þá umræðu er hvort eigi að halda gömlu brúnni fyrir reiðleið eða á að fara með hesta undir nýja brú.

Ákveðið var að best væri á þessu stigi að halda fund með fulltrúum hestafélaga á svæðinu til að fá upplýsingar frá þeim hvernig þeir eru að nýta svæðið.

Næstu skref

- Þórdís og Arna kanna 13. gr skilmála varðandi veiðar og hvernig veiðar á ref samræmast þeim og fá niðurstöðu í málið
- Þórdís og Arna kanna nánar hvenær evrópska löggjöfin um ómönnuð loftför tekur gildi og hvað felst í henni.
- Þórdís verður í sambandi við Dagbjörtu varðandi samráðsfund með fulltrúum hestafélaga á svæðinu.